



Skógarkofi við Varmahlíðarskóla unninn af öllum nemendum skólans á þemadögum í maí 2013

VARMHLÍÐARSKÓLI

Sjálfsmatsskýrsla

2012 - 2013

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	3
MEGINNIÐURSTÖÐUR	4
INNGANGUR	6
UM VARMAHLÍÐARSKÓLA	6
MARKMIÐ SKÓLASTARFS	8
NEMENDUR	8
STARFSMENN	8
SJÁLFSMATSADFERÐ OG FRAMKVÆMD MATS	9
SJÁLFSMAT VETURINN 2012-2013	11
MAT Á GÆÐAGREINI GG 3.1 ÞÁTTTAKA STARFSFÓLKS Í STARFI SKÓLANS.....	13
PRÓUNARÁÆTLUN GG 3.1 ÞÁTTTAKA STARFSFÓLKS Í STARFI SKÓLANS	14
MAT Á GG 1.1 FRAMFARIR Í SKÓLASTARFI	15
PRÓUNARÁÆTLUN GG 1.1 FRAMFARIR Í SKÓLASTARFI	16
MAT Á GG 1.2 SAMRÆMI SKÓLASTARFSINS VIÐ LÖGBOÐNAR SKYLDUR.....	17
PRÓUNARÁÆTLUN GG 1.2 SAMRÆMI SKÓLASTARFSINS VIÐ LÖGBOÐNAR SKYLDUR	18
MAT Á GG 4.1 ÁRANGUR SKÓLANS Í SAMSTARFI OG TENGLUM VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ	19
PRÓUNARÁÆTLUN GG 4.1 ÁRANGUR SKÓLANS Í SAMSTARFI OG TENGLUM VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ	19
MAT Á GG 4.2 ÁRANGUR SAMSTARFS OG TENGLA SKÓLANS VIÐ SAMFÉLAGIÐ Í HEILD	20
PRÓUNARÁÆTLUN GG 4.2 ÁRANGUR SAMSTARFS OG TENGLA SKÓLANS VIÐ SAMFÉLAGIÐ Í HEILD	21
MAT Á GG 8.1 SAMSTARF VIÐ SAMFÉLAGIÐ, SKÓLASTOFNANIR, SKÓLASKRIFSTOFU OG SVEITARSTJÓRN	22
PRÓUNARÁÆTLUN GG 8.1 SAMSTARF VIÐ SAMFÉLAGIÐ, SKÓLASTOFNANIR, SKÓLASKRIFSTOFU OG SVEITARSTJÓRN	23
MAT Á GG 8.2 FJÁRMÁLASTJÓRN	24
PRÓUNARÁÆTLUN GG 8.2 FJÁRMÁLASTJÓRN.....	25
MAT Á GG 8.3 STJÓRNUN OG NOTKUN BÚNAÐAR OG NÁMSUMHVERFIS.....	25
PRÓUNARÁÆTLUN GG 8.3 STJÓRNUN OG NOTKUN BÚNAÐAR OG NÁMSUMHVERFIS	26
MAT Á GG 8.4 GAGNAVARSLA OG NÝTING UPPLÝSINGA	27
PRÓUNARÁÆTLUN GG 8.4 GAGNAVARSLA OG NÝTING UPPLÝSINGA.....	28
MAT Á GG 2.1 NÁMSREYNSLA NEMENDA , MAT FULLTRÚA NEMENDA Í 4. – 6. BEKK.....	29
PRÓUNARÁÆTLUN GG 2.1 NÁMSREYNSLA NEMENDA, MAT FULLTRÚA NEMENDA Í 4. – 6. BEKK.....	31
MAT Á GG 2.1 NÁMSREYNSLA NEMENDA, MAT FULLTRÚA NEMENDA Í 7. – 10. BEKK	31
PRÓUNARÁÆTLUN GG 2.1 NÁMSREYNSLA NEMENDA, MAT FULLTRÚA NEMENDA Í 7. – 10. BEKK	34
KANNANIR	35
FORELDRAKÖNNUN	36
NEMENDAKÖNNUN	36
ÁRLEG SKIMUN STARFSFÓLKS.....	37
SAMANTEKT OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR	37
ÁFORM UM ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTARF	41
ÁÆTLUN UM INNRA MAT 2013-2016	41
VIÐAUKI 1 ÁRLEG SKIMUN	43
VIÐAUKI 2 EINKUNNASKALI	44
VIÐAUKI 3 GG 2.1 EINFÖLDUÐ ÚTGÁFA	45

Meginniðurstöður

Sjálfsmatsteymi var sett á laggirnar í upphafi skólaárs. Í því eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi starfsmanna ásamt kennsluráðgjafa. Hlutverk þess er að fylgja eftir matsáætlun skólans, rýna í matsþætti og hafa umsjón með eftirfylgni þróunaráætlana.

Á skólaárinu var unnið samkvæmt þriggja ára áætlun um innra mat skólans með sjálfsmatsaðferðum skólans, Gæðagreinum 2. Matsniðurstöður og leiðir til umbóta í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir eru birtar í þessari skýrslu.

Í annað sinn tóku nemendur þátt í mati á skólastarfinu með aðferðum Gæðagreina. Þetta voru fulltrúar nemenda í 4. – 10. bekk, áður höfðu eldri nemendur lagt mat á skólastarfið með sjálfsmatsaðferðum skólans. Þessi liður matsins er í þróun.

Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk í janúar. Könnunin var lögð fyrir á samráðsdegi og foreldrar svöruðu spurningum um skólastarfið með rafrænum hætti í tölvuveri skólans. Mun fleiri foreldrar svöruðu könnuninni nú með þessu fyrirkomulagi og niðurstöður voru afar jákvæðar á heildina litið. Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í sömu árgöngum, utan 2. bekk í janúar. Árleg skimun var lögð í annað sinn fyrir allt starfsfólk skólans í maí. Umfjöllun um kannanirnar má sjá í sér kafla í sjálfsmatsskýrslu.

Niðurstöður matshópa voru eftirfarandi:

gg 3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans Matseinkunn: 5, 4, 4	gg 1.1 Framfarir í skólastarfi Matseinkunn: 4, 5
gg 1.2 Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur Matseinkunn: 4, 5	gg 4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið Matseinkunn: 5, 5
gg 4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild Matseinkunn: 4, 5	gg 8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn Matseinkunn: 4, 4
gg 8.2 Fjármálastjórn Matseinkunn: 4	gg 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis Matseinkunn: 4, 5

gg 8.3 Gagnavarsla og nýting upplýsinga Matseinkunn: 4, 5	gg 2.1 Námsreynsla nemenda – mat nemenda Matseinkunn: 5, 5, 4, 5, 4, 4, 5
--	--

Inngangur

Öllum grunnskólum ber að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat samkvæmt 35. og 36. grein nýrra grunnskólalaga. Hér má sjá grunnskólalögin á eftirfarandi slóð:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>

Með sjálfsmatinu fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matsferlinu eru sterkir og veikir þættir skólastarfsins dregnir fram. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Brugðist er við veikum þáttum með því að setja fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig á sjálfsmatið ætíð að stuðla að umbótum í skólastarfi. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Varmahlíðarskóli hefur notað *Gæðagreinana, sjálfsmatskerfi að skoskum uppruna*, allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagafirðinga þýddi efnið *How good is our school* árið 1999. Árið 2010 var þriðja útgáfa af gæðagreinunum þýdd og nefnist hún *Gæðagreinar 2*. Gæðagreinarir hafa frá upphafi verið aðgengilegir öllu skólafólki, m.a. á vef fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Sjá á eftirfarandi slóð <http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/>

Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Í Varmahlíð hefur verið skóli allt frá árinu 1944, en næstu tvo veturna var unglingaskóli í Varmahlíð. Skólahald lagðist niður eftir þetta en hófst að nýju árið 1966 í leiguhúsnæði í Miðgarði ófullgerðum. Næstu ár var skólinn í Miðgarði, kennt var í tveimur bekkjum og var kallað héraðsskóli. Núverandi skólahús var byggt á árunum 1973 - 1976 þegar tíu sveitarfélög í héraðinu, ásamt menntamálaráðuneytinu, sameinuðust um rekstur heimavistarskóla.

Árið 1974 tók skólinn til starfa í samræmi við grunnskólalögin sem þá voru í gildi. Hann starfar samkvæmt gildandi lögum um barna- og unglingafræðslu í landinu og hefur tekið breytingum samfara breytingum á þeim. Flestir urðu nemendur 167 og voru þá um 60 - 70 þeirra í heimavist. Heimavistin við skólann var lögð niður árið 1998. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði en auk þess koma nemendur skólans frá öðrum svæðum. Frá haustinu 2006 hafa allir

grunnskólanemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri.

Allir bekkir eiga sína heimastofu. Tölvuver með 21 nettengdri tölvu er nýtt skv. sérstakri stundaskrá og hljóta allir nemendur skólans tölvukennslu, sem reynt er að flétta eftir megni inn í kennslu í sem flestum bóklegum greinum, þar sem við á. Nemendum 8., 9. og 10. bekkjar var nú annað skólaárið boðið upp á valáfanga sem hluta af námi. Nemendum í 10. bekk bauðst valáfangi UTN 103, í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu allir nemendur sér það. Auk þess stunduðu þrír nemendur 10. bekkjar nám í framhaldsskólaáföngum í stærðfræði og dönsku í FNV. Bókasafn eða upplýsingamiðstöð skólans liggur að tölvustofunni. Þar eru fjórar nemendatölvur sem eru samnýttar með tölvuverinu þegar það á við. Textílmennt, myndmennt, smíðar, heimilisfræði, vélfræði og málmsmíði eiga einnig sínar sérgreinastofur.

Skólastarf hefst kl. 8:20 á morgnana. Skólabílstjórar eru sjö. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa fyrir eldri nemendur og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Þetta hefur verið nýtt aðra hverja viku í vetur vegna hagræðingar í rekstri. Einnig gefst eldri nemendum kostur á fjölbreyttu félagsstarfi á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Böll eru haldin á fjögurra til sex vikna fresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara. Félagsstörf yngri nemenda hafa einnig verið í höndum umsjónarkennara. Foreldrafélag starfar við skólann og hefur það komið að starfi skólans með ýmsum hætti. Bekkjarfulltrúar foreldra voru kosnir á aðalfundi að hausti og stóðu að veglegri vorhátíð þann 21. maí 2013.

Í mötuneyti skólans fá nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum. Kvöldmatur er einnig framreiddur þegar þörf er á.

Á þessu skólaári vann starfsmannahópur Varmahlíðarskóla að því að skoða þær breytingar sem nauðsynlegar eru við innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla. Fræðslusvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti að Þóra Björk Jónsdóttir héldi utan um og stýrði, ásamt stjórnendum, faglegum þætti þeirrar vinnu. Samhliða þeirri vinnu var einnig rýnt í starfshætti skólans og leiða leitað til að gera þá enn betri en nú er. Næsti kafli í þessari vinnu verður að setja fram nýja skólanámskrá fyrir skólann þar sem grunnþættirnir verða sýnilegir sem og nýtt námsmat.

Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur um árabíl haft aðsetur í Varmahlíðarskóla. Eiga nemendur skólans kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Í vetur sóttu 92 nemendur

Varmahlíðarskóla tónlistarnám sitt á skólatíma. Er það talið auka gæði náms, fjölbreytileika í skólastarfi og telst til forréttinda að nemendur í dreifbýli eigi kost á að sækja tónlistarnám á skólatíma. Mikil og farsæl samvinna er á milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Markmið skólastarfs

Nám er kjarni skólastarfs og efling náms í Varmahlíðarskóla er meginviðfangefni starfsmanna hans. Vilji er til þess að rýna til gagns og finna leiðir til að vera í fremstu röð. Þróun starfshátta er órjúfanlegur hluti af starfi skólans. Vinnulag er sífellt til ígrundunar, fagleg forysta kennara er í lykilhlutverki og samráð og samstarf eru lykilþættir í starfinu. Varmahlíðarskóli skilgreinir sig sem sveitaskóla í nútíð og framtíð þar sem áhersla er lögð á fortíð með því að hafa heimabyggðina sem kjarna náms og miða viðfangsefni við það eftir því sem kostur er. Gætir þessa í skólastarfinu allt árið.

Nemendur

Í lok skólaársins voru nemendur alls 131 og var skipting þeirra á bekkjardeildir þessi:

1. bekkur	4 nemendur	Umsjón Lára Gunnús Magnúsdóttir
2. bekkur	13 nemendur	Umsjón Lára Gunnús Magnúsdóttir
3. bekkur	11 nemendur	Umsjón Sara Gísladóttir
4. bekkur	13 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir
5. bekkur	14 nemendur	Umsjón Sigríður Heiða Guðjónsdóttir
6. bekkur	12 nemendur	Umsjón Sigríður Ólöf Sigurðardóttir
7. bekkur	19 nemendur	Umsjón Sigrún Benediksdóttir
8. bekkur	21 nemandi	Umsjón Ólafur Atli Sindrason
9. bekkur	14 nemendur	Umsjón Helga Sigurðardóttir
10. bekkur	10 nemendur	Umsjón Ásdís Hermannsdóttir

Starfsmenn

Í vetur störfuðu 44 starfsmenn við skólann, en stöðugildin nokkru færri. Kennarar eru 18, þar af eru 2 leiðbeinendur. Hluti kennara er í hlutastarfi.

Kennsluráðgjafi hefur í vetur sinnt 20% starfi. Náms- og starfsráðgjafi hefur viðveru í skólanum hálfsmánaðarlega og sinnir 15% starfi. Sérkennari sinnir 60% starfi og í vetur sinnti þroskaþjálfni 50% starfi við skólann.

Við skólann starfa húsvörður (í aðalhúsi) og umsjónarmaður íþróttamannvirkja. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi voru þrír í 2,6 stöðugildum. Í mötuneyti starfar ráðskona og aðstoðarráðskona ásamt tveimur öðrum starfsmönnum. Skólaliðar eru fjórir talsins og eru þeir í vetur í 3,4 stöðugildum. Skólinn sér um kennslu fyrir Háholt og því sinna tveir starfsmenn í 1,4 stöðugildum.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Skólinn byggir sjálfsmat sitt á skoskum sjálfsmatsaðferðum, Gæðagreinum í íslenski þýðingu. Kerfið byggir á áralangri þróun. Skólaskrifstofa Skagfirðinga gekkst fyrir þýðingu á efninu árið 1999 og hefur það í framhaldi af því verið notað í grunnskólunum í Skagafirði og víðar um land. Þriðja útgáfa gæðagreinanna, *How good is our school 3*, var þýdd yfir á íslensku vorið 2010. Þóra Björk Jónsdóttir og Helga Harðardóttir unnu að þeirri þýðingu. *Sáttmálasjóðurinn*, styrktarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga og styrkti verkefnið í samvinnu við sveitarfélagið Skagafjörð.

Gert er ráð fyrir að allir þættir skólastarfsins séu metnir með aðferðum Gæðagreina yfir þriggja ára tímabil. Sérstök áætlun er gerð þar um og er hún birt í sérkafla hér í sjálfsmatsskýrslu. Kerfið er sveigjanlegt og auðvelt er að bregðast við og beina sjónum að einstökum þáttum í skólastarfinu þegar þörf krefur. Þannig getur áætlunin tekið breytingum í takt við skólastarfið á hverjum tíma.

Í Gæðagreinum 2 byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í ný lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

- 1. Heildarárangur**
- 2. Áhrif á nemendur**
- 3. Áhrif á starfsfólk**
- 4. Áhrif á samfélagið**
- 5. Menntun**
- 6. Stefnumótun og áætlanagerð**
- 7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk**
- 8. Samvinna og búnaður**
- 9. Forysta**

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. **Hvernig stöndum við okkur?**
2. **Hvernig vitum við það?**
3. **Hvað gerum við næst?**

Í Gæðagreinum 2 eru einnig settar fram sex lykilspurningar. Þær eru grunnur að lykilþáttunum níu. Í viðauka 1 um gæðarammann má sjá flokkun á gæðagreinum m.t.t. þessara lykilspurninga. Sé leitað svara við einni af þessum lykilspurningum er leiðbeint um hvaða þætti skólustarfsins þarf að skoða, skv. gæðagreinunum. Gæðarammann má skoða í Gæðagreinum 2 sjá [hér](#), bls. 43.

Lykilspurningarnar sex úr Gæðagreinum 2 eru eftirfarandi:

1. **Hvaða árangri höfum við náð?**
2. **Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?**
3. **Hversu góða menntun veitum við?**
4. **Hversu góð er stjórnun skólans?**
5. **Hversu góð er forystan í skólanum?**
6. **Hverjir eru möguleikar okkar til framfara?**

Í Gæðagreinum 2 er einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 sem er ***mjög gott*** og einkunnina 2 sem er ***slakt***. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini nú þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem viðkemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka 2.

Framkvæmd matsins:

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Hver matshópur ígrundar atriðin sem koma fram á matseyðublaðinu og getur gefið einkunn fyrir hvern lið ef hann kys svo. Það er hins vegar ekki markmið í sjálfu sér að hverjum lið sé gefin einkunn heldur að hópurinn komi sér saman um heildareinkunn fyrir öll atriðin sem koma fram í gæðagreininum sem liggur fyrir til mats.

Í matsvinnunni eru styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum dregnir fram og rökstuddir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti. Í viðauka 5 í Gæðagreinum 2 eru dæmi um hvernig leita má sönnunargagna eða vísbendinga til að

styðjast við í matinu. Matshópurinn setur einnig fram sameiginlega sýn á mikilvægi þáttanna í gæðagreininum.

Á matsblaðið eru settar fram tillögur um aðgerðir sem útfærðar eru nánar í þróunaráætlun sem unnin er í kjölfar mats. Í þróunaráætlun eru settar fram markmiðssettar umbótatillögur, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum Gæðagreinanna í fjórum skrefum:

1. **Skilgreining lykilhátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einnig eru viðmið skilgreind fyrir einkunnina 2. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. **Greining sterkra og veikra þátta**, umsögn og einkunnagjöf
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í þróunaráætlun eftir því sem við á

Nálgast má efni **Gæðagreina 2** á eftirfarandi slóð:

http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=5294

Nálgast má efni **How good is our school 3** á eftirfarandi slóð

<http://www.hmie.gov.uk/documents/publication/hgiosjte3.pdf>

Sjálfsmat veturinn 2012-2013

Í upphafi skólaárins var sjálfsmatsteymi sett á laggirnar. Í því eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara, fulltrúi starfsmanna auk kennsluráðgjafa. Hlutverk teymisins er að halda utanum mat á skólastarfinu í Varmahlíðarskóla. Teymið hefur í vetur fundað um sjálfsmatsáætlun, mat á einstökum þáttum skólastarfsins og haft umsjón með eftirfylgni þróunaráætlana. Kennsluráðgjafi sér um fyrirlögn, úrvinnslu og aðra umsýslu matsins.

Á skólaárinu voru gæðagreinar lagðir fyrir til mats skv. þriggja ára matsáætlun. Í október var lagður fyrir gæðagreinir um þátttöku starfsfólks í starfi skólans. Allir starfsmenn tóku þátt í mati á þeim gæðagreini. Í nóvember voru lykilhættir 1 og 4 lagðir fyrir en þeir fjalla um heildarárangur í skólastarfi og um áhrif og samstarf skólans við samfélagið. Í apríl var

lykilþáttur 8 lagður fyrir til mats en hann snýr að samvinnu, búnaði, fjármálastjórn og fleiru.

Á haustmisseri tóku fulltrúar nemenda þátt í mati á skólastarfinu með aðferðum Gæðagreina. Matið fór fram með fulltrúum nemenda í 4. – 6. bekk annars vegar og fulltrúum nemenda úr 7. – 10. bekk hinsvegar. Gæðagreinir 2.1 um námsreynslu nemenda var lagður fyrir til mats. Gæðagreinirinn var einfaldaður tölvuvert frá síðasta skólaári fyrir yngri nemendahópinn. Áform eru um að leggja gæðagreininn einfaldaðan fyrir eldri nemendur einnig á næsta skólaári.

Foreldrakönnun var lögð fyrir í janúar og var samráðsdagur heimila og skóla nýttur til þess. Könnunin var lögð fyrir foreldra í tölvuveri skólans og þátttaka í könnun afar góð. Könnunin var lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk. Nemendakönnun var einnig lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk í janúar. Árleg skimun á gæðagreinunum var lögð fyrir allt starfsfólk skólans, í annað sinn, í maí. Fjallað er um kannanirnar og helstu niðurstöður þeirra í sérkafla í sjálfsmatsskýrslu.

Matsþættir skólaársins 2012-2013 voru eftirfarandi:

- **Lykilþáttur 3, Áhrif á starfsfólk**
 - **gg 3.1** Þátttaka starfsfólks í starfi skólans
- **Lykilþáttur 1, Heildarárangur**
 - **gg 1.1** Framfarir í skólastarfi
 - **gg 1.2** Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur
- **Lykilþáttur 4, Áhrif á samfélagið**
 - **gg 4.1** Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið
 - **gg 4.2** Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild
- **Lykilþáttur 8, Samvinna og búnaður**
 - **gg 8.1** Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn
 - **gg 8.2** Fjármálastjórn
 - **gg 8.3** Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis
 - **gg 8.4** Gagnavarsla og nýting upplýsinga

■ Lykilþáttur 2, Áhrif á nemendur

- **gg 2.1** Námsreynsla nemenda – mat nemenda
- **gg 2.1** Námsreynsla nemenda – mat starfsmanna

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem metnir voru á skólaárinu. Stuttlega gerð grein fyrir framkvæmd matsins, helstu niðurstöðum og áætlun um umbætur. Einnig er hægt að skoða viðmið um gæði fyrir hvern gæðagreini fyrir sig eftir því sem við á.

Mat á gæðagreini gg 3.1 *þátttaka starfsfólks í starfi skólans*

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af fimm vinnuhópum starfsmanna á starfsmannafundi 16. okt. 2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 5, 4, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við byggjum á hefðinni, höfum trú á að þróunarvinnan hjálpi okkur í þá átt sem við viljum fara
- Áhugi og jákvæðni fyrir starfi sínu, endurmenntun o.s.frv. eru ríkjandi meðal starfsfólks
- Áhugasemi og metnaður starfsmanna í að efla gæði skólastarfsins
- Gerum okkur ljósar þær skyldur sem á okkur hvíla til að veita góða menntun og sinna skólastarfinu á sem bestan hátt
- B – Við teljum að starfsfólk leggi sig fram í störfum sínum
- C – Við teljum að við séum dugleg að taka þátt í námskeiðum og öðru því sem stuðlar að betri menntun nemenda
- D – Við teljum að starfsmenn eigi auðvelt með að starfa saman, jafnt innan skólans sem utan
- E – Við teljum þennan þátt sterkan í skólastarfinu, þ.e. við gerum okkur ljóst hverjar skyldur okkar eru til að efla persónulegan og félagslegan þroska og heilbrigði allra barna og ungmenna
- Við erum áhugasöm og metnaðarfull og vinnum vel saman í teyllum. Við gerum okkur ljósar skyldur okkar

Það sem þarf að bæta:

- Verið er að vinna að skýrari sameiginlegri sýn (þróunarvinnan)
- Fram kom að ekki öllum starfsmönnum hópsins finnst þeir vera metnir að verðleikum miðað við fyrri reynslu
- Einnig kom fram að ef gerðar eru athugasemdir við ytra skipulag skólstarfs s.s. stundatöflu og viðveru þá eru tilsvör ekki alltaf á faglegum nótum
- Fjármagnsskortur sem hefur áhrif á viðhald húsnæðis, endurmenntun starfsfólks og vegna afleysinga starfsmanna. Ef einhver fer á námskeið þá eykst álag á samverkamönnum þar sem ekki er hægt að fjármagna afleysingu
- Húsnæði og vinnuaðstaða starfsfólks og þá ekki síður nemenda
- Vinnuskilyrði og húsnæði má bæta mikið. Hópurinn er ekki sammála um hversu vel við erum metin að verðleikum og leitað eftir okkar skoðunum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Skólasamfélagið sé samvinna allra starfsmanna
- Almenn starfsánægja
- Að við erum metin af verðleikum og leitað er eftir skoðunum okkur og við studd eftir þörfum
- Við teljum að mikilvægustu þættirnir felist í símenntun starfsmanna

Tillögur um aðgerðir:

- Leita eftir styrkjum til valinna verkefna eða til áhaldakaupa
- Laga vinnuaðstæður starfsfólks, það vantar t.d. fundaherbergi og aðstöðu fyrir símaviðtöl við foreldra. Sameiginleg og skýr sýn á hvernig við veitum góða menntun er í vinnslu meðal starfsfólks. Þess skal gætt að ávallt sé leitað eftir skoðunum allra starfshópa innan skólans og tekið tillit til þeirra skoðana

Þróunaráætlun gg 3.1 *þátttaka starfsfólks í starfi skólans***Markmið með umbótum:**

- Gera gott skólastarf betra
- Að starfsfólk sæki endurmenntun vegna ánægju og möguleika á að nota hana
- Að efla skólastarfið
- Að vera betri í dag en í gær og verða enn betri á morgun

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta
--------------------	---------------------	----------------------	----------------	-------------------

		lokið?		árangurinn?
Fylgja því eftir að símenntunaráætlun verði gerð	Starfsfólk	Haust 2013	Kanna þörf og setja fram áætlun	Taka saman hversu margir tóku þátt í símenntun
Skapa svigrúm til að efla samvinnu á stigum og eftir greinum	Stjórnendur	Aldrei	Tíma	Mat fer fram í starfsmanna- hópnum
Það mætti spyrja starfsmenn álitis um hvað þeir vilja fá endurmenntun í, líkt og gert var í Seltjarnanesskóla, og setja upp endurmenntunarnámskeið eftir áhugasviði, að þeirra hætti	Stjórnendur/ nefnd	Fyrir janúar	Kynningu á fyrirkomulaginu og framkvæmd	Með gæðagreinini 3,1
Að geta sinnt betur endurmenntun starfsfólks	Starfsfólk	Á skólaárinu	Fjármagn	Hver og einn setji inn sína endurmenntun rafrænt á sameignadrif
Gefa öllum kost á símenntun og fylgja henni eftir	Starfsmenn	Símenntun er aldrei lokið	Meta þörfina í hverju tilfelli fyrir sig	Símenntun starfsmanna ætti að skila sér í betri menntun nemenda
Hugað sé að því hvort breyta megi uppröðun húsgagna í starfsmannaaðstöðu þannig að betri vinnuskilyrði verði þar	Stjórnendur	Sem fyrst	„Húsnæðisnefndin“	
Það vantar aðstöðu með síma fyrir einkaviðtöl kennara við foreldra og aðra	Stjórnendur	Sem fyrst		

Mat á gg 1.1 framfarir í skólastarfi

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur vinnuhópum starfsmanna á starfsmannafundi 13. nóv. 2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Nemendur okkar eru persónulega og félagslega virkir, farsælir og duglegir krakkar. Skólinn stuðlar að vinnusemi og uppbyggingu nemenda
- Nemendur okkar taka framförum jafnt og þétt og eru farsælir, sjálfsöruggir, ábyrgir og virkir í skólanum og samfélaginu. Þeir fara félagslega hæfir og vel undirbúnir héðan í áframhaldandi nám

Það sem þarf að bæta:

- Gæta betur að bráðgerum nemendum, þeim er ekki sinnt sem skyldi. Þ.e.a.s. að skólinn gæti verið duglegri að bjóða upp á þá kosti sem í boði eru, kynna fyrir nemendum fjölbreyttar námsleiðir. Það er erfitt að meta hvort það eru merkjanlega áhrif af umbóta/þróunaráætlunum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að við viðhöldum og aukum góðan námsárangur nemenda okkar og þeir fari félagslega hæfir og ábyrgir út í samfélagið og/eða í frekara nám

Tillögur um aðgerðir:

- Við getum gert einstaklingsáætlanir fyrir bráðgera nemendur jafnt sem fyrir þá nemendur sem þurfa aukinn stuðning

Þróunaráætlun gg 1.1 framfarir í skólastarfi

Markmið með umbótum:

- Gæta betur að bráðgerum nemendum
- Að nota niðurstöður staðlaðra prófa (samræmdra) markvissar til að stuðla að framförum nemenda í ákveðnum námsþáttum

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Búa nemendum þær aðstæður að þeir geti stundað nám við hæfi í sínum	Stjórnendur og kennarar		Samstarf við framhaldsskóla, það þarf sveigjanlega stundaskrá, það þurfa að vera aðstæður í	Sýn nemenda og foreldra og kennara á hvort verið sé að mæta nemandanum og ná tilætluðum árangri

grunnskóla			skólanum til að stunda fjarnám	
Útbúa markvisst eftirfylgniblað, þar sem veikir þættir samræmdra prófa eru greindir og útbúin aðgerðaáætlun sem bregst við þeim þáttum	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar	Fyrir áramót 2013-2014	Fundartíma og niðurstöður samræmdra prófa	Árangur má meta að hluta til með niðurstöðum samræmdra prófa ársins á eftir. Þá er vitað hvort markmiðinu hefur verið náð. Eins væri hægt að leggja fyrir staðlaðar kannanir úr þeim þáttum sem til skoðunar eru og meta hvort markmiðinu er náð

Mat á gg 1.2 samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur

Vinnulag:

Gæðagreininirinn var metinn af tveimur vinnuhópum starfsmanna á starfsmannafundi 13. nóv. 2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Miðað við það sem við höfum úr að spila teljum við að við stöndum okkur nokkuð vel. Mikill sparnaður er í gangi sem kemur m.a. niður á mannahaldi en starfskraftar eru vel nýttir. Starfsfólk alltaf tilbúið að hlaupa í önnur störf þegar á þarf að halda
- Við förum eftir þeim starfsháttum sem Menntamálaráðuneytið setur okkur hverju sinni fyrir.

Það sem þarf að bæta:

- Ekki auðvelt fyrir okkur að meta gr. C m.v. stöðuna í dag

- Þekkjum e.t.v. ekki nógu vel inn á lögboðnar skyldur til að meta þennan gæðagreiðni aðrar en þær sem snúa að menntun og velferð nemenda
- Fjárhagsleg staða hamlar okkur í kennslu upp að vissu marki

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Velferð og aðbúnaður nemenda (og starfsfólks☺)
- Förun eftir lögum og reglum

Tillögur um aðgerðir:

- Bæta aðbúnað

Þróunaráætlun gg 1.2 samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur

Markmið með umbótum:

- Bættur aðbúnaður
- Aukið fjármagn til að geta þróað kennsluhætti og komið til móts við þarfir allra nemenda

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Bæta aðbúnað (húsnæði, tækjakaup...)	Stjórnendur	?	Fjármagn	Þegar búnaðurinn verður sýnilegur
Aukið fjárstreymi í stoðkennslu	Skólastjórinn í samstarfi við sérkennara	Vor 2013	Tíma og fjármagn	Setja inn í sjálfsmat skólans
Endurnýja tölvuútbúnað	Skólastjórinn	Vor 2013	Tíma og fjármagn	Setja inn í sjálfsmat skólans
Endurnýja húsgögn	Skólastjórinn í samstarfi við húsvörð og starfsfólk	Vor 2013	Tíma og fjármagn	Með bættri vinnuáðstöðu bæði starfsfólks og nemenda. (Vinnueftirlit ríkisins)

Mat á gg 4.1 árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur vinnuhópum starfsmanna á starfsmannafundi 13. nóv. 2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 5, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Rótgróinn sveitaskóli með ágætis tengsl við nærsamfélagið
- Skólinn er í góðu samstarfi við nærsamfélagið
- Foreldrafélagið er í góðu samstarfi við skólann á ýmsum sviðum
- Foreldrar og aðrir nánir aðstandendur eru duglegir að koma á viðburði sem eru í skólanum s.s. árshátíðir og kynningar

Það sem þarf að bæta:

- Aðilar í nærumhverfinu mættu vera virkari í daglegu starfi í skólanum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Samstarf starfsfólks Varmahlíðarskóla innbyrðis sem og við nærumhverfið er mjög gott, halda áfram á sömu braut

Tillögur um aðgerðir:

- Við erum ánægð með stöðuna eins og hún er og eins og þekkjum hana. Gaman væri hinsvegar að kortleggja alla samstarfsaðila skólans til upplýsingar fyrir starfsfólk

Þróunaráætlun gg 4.1 árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið

Markmið með umbótum:

- Fá einstaklinga úr nærsamfélaginu til að vera virkari í skólastarfinu

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Fá einstaklinga úr nærsamfélaginu til að koma oftar í skólann og taka þátt í almennu skólastarfi sem og á viðburði sem eru í skólanum t.d. dagur ísl. tungu	Umsjónarkennarar og sérgreinakennarar	Aldrei	Vilja	Taka saman hversu margir koma og hve oft
Viðhalda samstarfinu við nærsamfélagið eins og verið hefur	Starfsfólk	Aldrei	Vilja	Sjálfsmat – gæðagreinir 4.1

Mat á gg 4.2 árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur vinnuhópum starfsmanna á starfsmannafundi 13. nóv. 2012.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 5, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Við erum sterk í þátttöku í þróunarverkefnum og samstarfi við aðra utan skólans
- Við erum dugleg að kynna okkur tækninýjungar
- Við höfum tekið þátt í og þar með tileinkað okkur ýmis frumkvöðlaverkefni s.s. byrjendalæsi, vinaliðaverkefnið, grænfánaverkefnið, heilsueflandi grunnskóla, fjölþætt val, Easy –tutor vinnu með nemendum og samstarf við eldri borgara

- Þá erum við einnig í góðu samstarfi við bæði leikskólann og Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki. Skólinn hefur líka verið mjög virkur þátttakandi í erlendum samstarfsverkefnum s.s Comenius

Það sem þarf að bæta:

- Erum ekki dugleg að kynna verkefni okkar innan og utan skólans
- Getum tekið okkur á að nota nýjar kennsluáðferðir í átt að einstaklingsmiðun
- Búum í fjárhagslega veiku samfélagi
- Við mætum kannski vera meðvitaðri um málefni er snertir fólk í öðrum landshlutum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Mikilvægt að vera í góðum tengslum við nærumhverfi sitt. Erum ánægð með að vera sterk í þeim þætti
- Það eru liðir B, C, F, G og I

Tillögur um aðgerðir:

- Bæta við starfsdögum þar sem verkefni eru kynnt. Hafa fundartíma rýmri þannig að ekki sé fjallað um verkefni með hraði. Þjappa fundum saman í lengri tíma í færri skipti

Þróunaráætlun gg 4.2 árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild

Markmið með umbótum:

- Að hafa fundartíma markvissari
- Að vera framsækin í skólastarfi

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Þjappa fundum saman í færri, lengri og skilvirkari. Til dæmis taka hálfan dag í sjálfsmat og kynningar á verkefnum. Finnst fundir	Stjórnendur	Vor 2013	Skipulagsbreytingu	Með upplýstara starfsfólki

núna stuttir og of margir				
Íslenskir skólar mættu huga betur að velferð barna þegar skólastarf er skipulagt	Menntamálayfirvöld	2013	Skipulagsbreytingar	Ánægðari fjölskyldur á Íslandi
Virkja hugmyndir starfsfólks betur um einstaklingsmiðun og kennsluhætti samkvæmt því	Starfsmanna- hópurinn	2013- 2014	Viðhorfsbreytingar	Ánægðari nemendur og starfsfólk
Vera áfram dugleg að fylgja eftir frumkvöðlastarfi/ þróunarverkefnum	Stjórnendur og allt starfsfólk skólans	Ávallt	Árvekni og framtakssemi	Til dæmis með gæðagreinum

Mat á gg 8.1 samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur vinnuhópum starfsmanna á starfsmannafundi 16. apríl 2013.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Samstarf okkar við aðrar stofnanir í umhverfinu hafa eflt nám nemenda til muna og starfsfólk vinnur vel að hagsmunum nemenda
- Reynum að taka þátt í daglegu lífi nærumhverfisins og samstarfi við stofnanir
- Haldið er vel utan um stöðu nemenda með fundum og skýrslugerð
- Við erum sterk í að vinna með samfélaginu og stofnunum þess. T.d. leikskóla, eldri borgurum, íþróttafélagi, tónlistarskóla, KS og sveitabæjum

Það sem þarf að bæta:

- C – erum ekki með verkferla og greinargott skipulag skjalfest

- D – vantar meiri þátttöku í samstarfi milli stofnana
- J – gerum okkur grein fyrir hlutverkum okkar og ábyrgð en vantar meiri þjálfun með samstarfsaðilum
- Mætti kannski athuga hvort grundvöllur er fyrir auknu samstarfi skólastofnana í Skagafirði, ígrundun og samræður starfsfólks

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Erum afar stolt af samstarfi okkar við stofnanir samfélagsins

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg 8.1 samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn

Markmið með umbótum:

- Samstarf við samfélagið
- Aukin ígrundun/fagmennska starfsfólks

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Útbúa verkferla og greinargott skipulag	Skólastjórnendur	Sem fyrst	Vilja og tíma	Með mati
Vantar meiri þátttöku í samstarfi milli skóla- og skólastiga	Kennarar	Aldrei	Gott skipulag, vilja til samstarfs og fjármagn	Með mati
Meiri möguleika á endurmenntun og þjálfun	Skólastjórnendur	Aldrei	Fleiri fjarfundi og fyrirlesara á svæðið	Samantekt á námskeiðum

Koma á sameiginlegum fundartíma t.d. sama vikudag á sama tíma sem mætti nota eins oft og þurfa þykir. (innsk. fyrir skólasamfélagið í Skagafirði)	Skólayfirvöld og skólastjórar	Fyrir haust 2013	Samþætt skipulag	Með spurningakönnun eða viðtölum við starfsfólk

Mat á gg 8.2 fjármálastjórn

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af skólastjórnendum á starfsmannafundi 16. apríl. 2013.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Tekist hefur að bregðast við og vinna úr hagræðingarkröfum sveitarfélaganna

Það sem þarf að bæta:

- Rekstrarfé skólans rétt nægir til að halda í horfinu án þess að hægt sé að endurnýja búnað s.s. tölvur og tæknileg kennslugögn
- Kynning á fjármálastjórn skólans mætti vera sýnilegri starfsmönnum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að reka skólann samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun sem skólanum er sett

Tillögur um aðgerðir:

- Ekkert sett fram

Þróunaráætlun gg 8.2 fjármálastjórn

Markmið með umbótum:

- Að auka og endurnýja búnað til kennslu og skólastarfs
- Efla kynningu á fjármálum skólans fyrir starfsfólki

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að auka fjármagn inn í skólann!	Sveitafélögin og skólastjórn-endur	Vorið 2016	Gera þarfagreiningu og þriggja ára áætlun í framhaldi af henni	Gera árlega úttekt á fjárhagsáætlun og fylgjast með hvort að ávinningur hafi orðið
Auka kynningu á fjármálarekstri skólans til starfsmanna	Skólastjórn-endur og starfsmenn	Verði stöðugt verkefni frá og með haust 2013	Vilja og tíma	Fylgjast með niðurstöðum árlegrar skimunar

Mat á gg 8.3 stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis

Vinnulag:

Gæðagreininirinn var metinn af tveimur hópum starfsmanna á starfsmannafundi 16. apríl. 2013

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 4, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- Húsnæði og útisvæði eru örugg, vel nýtt og bjóða upp á ýmsa möguleika í kennslu og námi. Aðgengi fatlaðra er fullnægjandi. Vinna nemenda er vel sýnileg.

Nemendur eru hvattir til að nýta sér gögn og upplýsingatækni til fjölbreyttrar verkefnavinnu

- Aðgengi fatlaðra og sýnileiki á verkum nemenda

Það sem þarf að bæta:

- Þörf er á að endurnýja tölvubúnað og tæki í kennslustofum svo sem geislaspilara og hátalara. Það má bæta skipulag námsgagna og búnaðar, t.d. geymslu námsgagna, prófa og annarra gagna
- Tölvubúnaður orðinn aldraður, aðbúnaður í heimilisfræði, eldavélar og helluborð orðin léleg ásamt fleiri tækjum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Aðbúnaður og kennslugögn séu í lagi, bæði fyrir nemendur og starfsfólk

Tillögur um aðgerðir:

- Aukið fjármagn til tækjakaupa og viðhalds. Aukið eftirlit með tölvukerfi

Þróunaráætlun gg 8.3 stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis

Markmið með umbótum:

- Bæta skipulag og notkun búnaðar, auk aðstöðu starfsmanna
- Meira og betra öryggi og umhverfi

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Í hverri stofu ættu að vera skjávarpi, geislaspilari, hátalarar, stefna að spjaldtölvum	Stjórnendur	Sem fyrst	Það þarf að setja það á framkvæmdaáætlun	Viðhorfakönnun hjá starfsfólki, sjálfsmat
Bæta aðstöðu starfsfólks, það vantar t.d. fundarherbergi með síma, taka kaffiástöðu út úr núverandi starfsmannaaðstöðu	Stjórnendur	Sem fyrst	Það þarf að setja það á framkvæmdaáætlun	Viðhorfakönnun hjá starfsfólki, sjálfsmat

Það vantar sameiginlega kaffiaðstöðu allra starfsmanna skólans, hún ætti að vera miðsvæðis í skólanum	Stjórnendur	Sem fyrst	Það þarf að setja það á framkvæmdaáætlun	Viðhorfakönnun hjá starfsfólki, sjálfsmat
Skipuleggja námsgögn betur, búa t.d. til prófa- og verkefnaöppur fyrir hvern árgang og námsgrein og vista á sameiginlegu svæði	Starfshópur	Næsta vetur	Þarf að ætla tíma til að vinna verkið	Viðhorfakönnun hjá starfsfólki, sjálfsmat
Bæta tölvukerfi og aðbúnað t.d. tölvur og skjávarpa í allar stofur. Nýjar eldavélar í heimilisfræði. Útvarp og hátalara í allar stofur	Stjórnendur	Sem fyrst	Aukið fjármagn	Sjálfsmat
Ný nemendaborð og stóla í samræmi við aldur nemenda	Stjórnendur	Sem fyrst	Aukið fjármagn	Sjálfsmat
Skipuleggja námsgögn t.d. þarf að vera til prófagrunnur úr öllum námsgreinum þar sem hægt er að ná í gögn	Kennarar	Sem fyrst	Skipulag	Framkvæma

Mat á gg 8.4 gagnavarsla og nýting upplýsinga

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur vinnum hópum starfsmanna á starfsmannafundi 16. apríl 2013.

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Heildareinkunnagjöf: 5, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- Gagnasöfn okkar eru fjölbreytt og skipulögð og veita góðar upplýsingar
- Þær eru að við skipuleggjum gangasöfnum til að geta brugðist við þörfum nemenda og veitum viðeigandi aðgang að upplýsingum. Aðferðir við geymslu gagna standast lög. Gagnavarslan gerir þeim sem hlut eiga að máli kleift að nálgast þær upplýsingar. Við söfnum fjölbreyttum upplýsingum um skólastarfið

Það sem þarf að bæta:

- Upplýsingastreymið mætti vera betra til foreldra og nemenda um hvaða upplýsingum sé haldið til haga um nemendur
- Skortur á ytri upplýsingum til að geta borið árangur okkar saman við annarra. Foreldrum og forráðamönnum þyrfti að kynna betur hvað verður um þær upplýsingar sem safnast saman um börn þeirra á skólagöngunni

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Örugg varsla gagna og aðgengi að þeim
- Að gott aðgengi þeirra sem fara með mál nemenda sé að upplýsingum sem þá varða. Að upplýsingar um nemendur séu varðveittar samkvæmt lögum. Að sem mestum upplýsingum sé haldið til haga sem varða alla þætti skólastarfsins, stóra og smáa

Tillögur um aðgerðir:

- Mætti skrá niður fleiri þætti skólastarfsins s.s.hvað tókst vel og hvað illa, þannig að ekki þurfi að treysta á misgott langtímaminni starfsmanna og stjórnenda. Frekari miðlun upplýsinga, t.d. fari fólk á námskeið eða fundi, sem snerta skólastarfið í heild

Þróunaráætlun gg 8.4 gagnavarsla og nýting upplýsinga**Markmið með umbótum:**

- Miðlun upplýsingar til foreldra sem snerta göng um börn þeirra
- Auka upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um hvaða upplýsingum sé haldið til haga um nemendur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?

Kynna foreldrum hvað verður um upplýsingar sem safnast saman um börn þeirra á meðan á skólagöngu þeirra stendur og hvernig þær upplýsingar eru notaðar	Skólastjórnendur	Fyrir næsta vor	Fundur með foreldrum, mætti slá saman fundum um fleiri mál	Erfitt að meta árangur
Kynna fyrir foreldrum og nemendum þá gagnasöfnun er snýr að nemendum	Stjórn skólans	Fyrir haustið	Sendu bréf til foreldra	Foreldrar ættu þá að vera meðvitaðri um hverju er haldið til haga

Mat á gg 2.1 námsreynsla nemenda , mat fulltrúa nemenda í 4. – 6. bekk

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði eru skv. gg 2.1 en notuð var einfölduð útgáfa af gæðagreininum, sjá viðauka 3

Vinnulag:

Gæðagreinin var metinn af þremur vinnuhópum, með samtals 12 nemendum úr 4. – 6. bekk í Varmahlíðarskóla þriðjudaginn 13. nóv. 2012. Nemendur buðu sig fram til vinnunnar og tóku fjórir nemendur úr hverjum bekk þátt í matsvinnunni.

Heildareinkunnagjöf: 5, 5, 4

Sterku hliðarnar okkar:

- A – Maður getur alltaf eitthvað skemmtilegt ef tíminn er leiðinlegur
 - B – Flestum fer fram í náminu... einhvern tímann
 - C – Sumir kennarar koma með góðar útskýringar
 - D – Sumir taka vel eftir og taka virkan þátt í flestu
 - E – Það er góð sanngirni og virðing hjá flestum krökkum í flestum skólum
 - F – Flestum líður bara vel í skólanum
 - G – Við höfum ágæt áhrif á skólastarfið
 - H – Sumir koma skoðunum okkar á framfæri
 - I – Gæslan og öryggið er framúrskarandi
 - J – Flestir eru mjög hjálpsamir við aðra
-
- A – Flestir eru áhugasamir
 - B – Við lærum meira

- C – Þeir orða spurningarnar betur
 - D – Allir taka þátt
 - E – Sumir eru góðir
 - G – Segja tillögur
 - H – Það er alltaf hlustað
 - I - Það er alltaf passað okkur
-
- A – Flestir eru áhugasamir
 - B – Margir duglegir við námið
 - D – Við fáum nokkuð góðar leiðbeiningar
 - D – Flestir eru ábyrgir nemendur
 - E – Það er stundum komið fram við okkur af sanngirni
 - F – Við segjum stundum frá því þegar við erum ánægð
 - G – Það er stundum hlustað á okkur
 - H – Við höfum góð tækifæri til að segja skoðanir okkar
 - I – Við erum mjög örugg í skólanum
 - J - Við erum hjálpsöm við aðra

Það sem þarf að bæta:

- A – Þarf að bæta áhugasemi, vinnusemi og vinnufrið
 - B – Sumir þurfa að taka við hlutunum með meiri þroska og fylgjast betur með
 - D – Sumir kennarar þurfa að taka sig á og hlusta betur á nemendur ef þeir skilja ekki
 - D – Sumum er alveg sama og taka engan þátt
 - E – Sumir taka ekki tillit til annarra
 - F – En sumum líður illa og segja ekki frá
 - G – Sumt starfsfólk þarf að taka mark á okkur
 - H – Sumir nemendur fá ekki tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri
 - I – Skólaliðarnir mættu vera dreifðari um svæðið
 - J – Sumir hugsa ekki um hvernig öðrum líður
-
- A - Nokkrir ekki áhugasamir
 - B - Sumir fylgjast ekki með
 - D – Sumir vilja ekki taka þátt
 - E – Sumir skilja okkur útundan
 - G - Oft ekki hlustað
 - I – Stundum er eitthvað gert sem við viljum ekki
 - J – Það er ekki alltaf hjálpað

- A – En ekki allir
- B – Sumir þurfa að bæta sig
- C – En mega vera meiri
- D – En ekki allir
- E – Það þarf að bæta það
- F – En ekki alltaf
- G – En ekki alltaf
- H – En ekki alltaf
- I – Það gerist mjög sjaldan að við erum ekki örugg í skólanum
- J – Bara stundum

Þróunaráætlun gg 2.1 námsreynsla nemenda, mat fulltrúa nemenda í 4. – 6. bekk

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Það þarf að bæta áhugasemi á náminu og það þarf hrífandi verkefni	Nemendur og starfsfólk	Allan veturinn	Jákvæðni og áhugasemi	Með stuttum orðum og viðurkenningum
Það þarf að bæta áhrif nemenda á skólastarfið og að nemendur fái tækifæri	Starfsfólk og nemendur	Allan veturinn	Jákvæðni og áhugasemi	Með stutum orðum og viðurkenningum
Tala við þá sem kasta snjóboltum. Tala um hjálpssemi og hvernig við getum hjálpað öðrum krökkum	Allir	Eitt skólaár	Tala um t.d. á bekkjarfundum	Ræða um aftur á bekkjarfundi

Mat á gg 2.1 námsreynsla nemenda, mat fulltrúa nemenda í 7. – 10. bekk

Yfirlit gæðagreinis, þemu og viðmið um gæði má sjá [hér](#)

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum vinnuhópum, með samtals 16 nemendum úr 7. – 10. bekk í Varmahlíðarskóla þriðjudaginn 13.nóv. 2012. Nemendur buðu sig fram til vinnunnar og tóku fjórir nemendur úr hverjum bekk þátt í matsvinnunni.

Heildareinkunnagjöf: 5, 4, 4, 5

Sterku hliðarnar okkar:

- A – Sumir eru áhugasamir
 - B – Sumir sína færni og áhuga
 - C – Það er útskýrt vel fyrir okkur námið og við fáum næga hjálp
 - D – Það eru margir sem bera ábyrgð á náminu
 - E – Það eru margir sem bera virðingu fyrir öðrum
 - F – Það eru sumir sem ná góðum framförum
 - G – Við fáum að ákveða/ráða einhverju í féló
-
- A – Sumir eru áhugasamir og taka þátt í náminu
 - B – Við höldum að flestir sýni þroska og vaxandi færni í náminu, en við erum mislengi að því
 - C – Okkur finnst kennararnir kenna okkur t.d. nýjar aðferðir í náminu vel
 - D- Sumir nemendur leggja sitt af mörkum til skólastarfsins og samfélagsins
 - E – Starfsfólk skólans kemur sumt fram við nemendur af virðingu
 - F – Flestir nemendur taka árangri í náminu
 - G – Sumt starfsfólk hlustar vel á okkar skoðanir og reyna að ganga út frá þeim
 - I - Sumir fá góða hjálp, betri en í mörgum skólum
-
- A – Sumir eru virkir þátttakendur og áhugasamir, fer eftir fögum
 - B – Ef það er góður vinnufriður þá gengur manni betur í náminu
 - C – Góðar leiðbeiningar frá kennurum hjálpa manni við námið
 - D – Flestir nemendur eru ábyrgir og leggja sitt af mörkum
-
- A – Sumir eru áhugasamir
 - B – Við þroskumst alltaf meir og meir og öðlumst því meiri og meiri færni með tímanum
 - C – Þeir sem þurfa á t.d. sérkennslu að halda fá hana
 - D – Sumir eru ábyrgir og átta sig á því að þetta er fyrir sjálfan þig en ekki aðra sem þú ert að mennta þig
 - E – Flestir starfsmenn koma fram við nemendur af jafnrétti og virða þá
 - F – Næstum allir nemendur taka framförum á hverju ári

- G – Olweus kannanir eru árlega og stundum bekkjarfundir og einhverjar kannanir
- H – Það eru flestir ánægðir

Það sem þarf að bæta:

- A - Sumir eru ekki eins áhugasamir
 - B - Sumir hafa bara ekki áhuga á efninu
 - C - Sumir taka ekki nógu vel eftir
 - D - Það eru samt ekki nógu margir
 - E - Það eru sumir sem fá ekki nægilega virðingu
 - F - Sumir ná ekki þeim framförum sem þeir ættu að ná
 - G - Við fáum ekki að ráða miklu í námi
-
- A – Aðrir taka lítinn þátt í tímum
 - B – Og sýnum mismikinn áhuga
 - C – En nemendur sýna samt mismikinn áhuga
 - D – Aðrir nemendur hugsa minna um það
 - E – En sumt starfsfólk mætti bæta sig í því
 - F – En sumum gengur bara illa í námi og taka ekki jafn miklum árangri
 - G – Okkur finnst sumt starfsfólk hlusta á okkar skoðanir og sumt ekki
 - H – Við erum sennilega ekki alveg nógu dugleg við að láta ánægju okkar í ljós
 - I – En aðrir fá ekki hjálpina sem þeir þurfa, ef krökkum finnst erfitt að lesa (þó þeir séu ekki alvarlega lesblindir) þurfa þeir sína hjálp t.d.
-
- A – Bæta áhugann almennt hjá báðum kynjum
 - B – Þarf oftast að bæta vinnufrið
 - C – Ef nemandi skilur ekki leiðsögnina, þarf kennari að útskýra betur
 - D – Ef nemendur eru áhugalausir með námið eru meiri líkur á því að þeir læri þá ekki heima
 - E – Að nemendur koma fram við aðra nemendur af sanngirni og virðingu
-
- A – Sumir nenna ekki að læra
 - B – Sumir nenna ekki að leggja námið á sig og þroskast því hægar
 - C – Það er minna um hjálp eftir því sem að bekkirnir eru stærri
 - D – Aðrir halda að námið skipti ekki máli
 - E – Aðrir starfsmenn koma ekki eins fram við alla
 - F - Sumir eru ekki eins fljótir að taka framförum
 - G – Í sumum bekkjum mætti það vera oftar
 - H – Þótt þeir séu ánægðir þá gefa þeir það ekki í skyn

**Þróunaráætlun gg 2.1 námsreynsla nemenda, mat fulltrúa
nemenda í 7. – 10. bekk**

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
G Leifa nemendum að tjá sitt álit	Umsjónarkennarinn og skólastjórinn	Strax eftir umræður	Það þarf að ræða málið	Setjast saman niður og ræða málin
E Það þarf að ræða saman	Allur bekkurinn til samans	Þegar þetta er rétt	Ræða málin/tala saman	Fylgjast með þessu og bera virðingu
H Fá nemendur til að láta betur í ljós ánægju sína á því sem skólinn hefur að bjóða	Allir nemendur	Gera þetta á sem stystum tíma	Við þurfum að vera jákvæðari út í skólastarfið og út í það sem verið er að kenna okkur	Tala um hvort þetta hafi breyst t.d. eftir áramót
I Okkur finnst sumum nemendum vanta meiri hjálp, t.d. eru sumir sem eiga erfitt með að lesa og læra (en eru samt ekki alvarlega lesblindir) og þyrftu að fá meiri hjálp	Starfsfólk skólans	Eftir grunnskólagönguna	T.d. meiri sérkennslu	Sjá hvort krökkunum hefur farið fram í náminu
Að nemendur komi vel fram við alla af virðingu og sanngirni	Allir nemendur og starfsfólk	Líkur aldrei	Tala um á bekkjarfundi	Taka könnun

Bæta vinnufrið og áhuga nemenda á náminu	Nemendur og kennarar	Um áramótin	Tala um á bekkjarfundi	Taka stöðu á nemendum
B Við getum gert námið áhugaverðara og fjölbreyttara	Allir	Sem fyrst	Ræða það á fundum og allir komi með hugmyndir	Athuga það á fundum eftir áramót
H Nemendur geta látið bera meira á því þegar þeir eru ánægðir með skólann og verið duglegir að hrósa	Nemendurnir	Eins fljótt og hægt er	Ræða saman	Segja bara eitthvað gott um skólann á hverjum fundi

Kannanir

Í Varmahlíðarskóla eru viðhorfakannanir lagðar fyrir reglulega. Slíkar kannanir styðja við sjálfsmat skólans og gefa vísbendingar um viðhorf til skólastarfsins á hverjum tíma. Árlega er könnun lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7., og 10. bekk. Að þessu sinni var könnunin lögð fyrir foreldra á samráðsdegi í janúar. Nemendakönnun var lögð fyrir sömu árganga utan nemenda í 2. bekk. Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk skólans í maí. Olweusarkönnun er lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í nóvember ár hvert. Niðurstöður foreldra- og nemendakannana er að finna á vef skólans, <http://www.varmahlidarskoli.is/> undir hlekknum *skólastarfið*.

Kannanirnar á vegum skólans eru lagðar fyrir á rafrænu formi í könnunarforritinu *Lime survey*. Könnunarforrit þetta er svokallaður *open source* hugbúnaður og hefur tölvuumsjónarmaður Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Jóhann Friðriksson, séð um að þýða það yfir á íslensku. Forritið er afar notendavænt og þægilegt í uppsetningu á könnunum og úrvinnslu þeirra. Slóðin að upplýsingum um forritið er <http://www.limesurvey.org/>. Umfjöllun um hverja og eina þeirra má sjá hér á eftir.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra/forsjáraðila nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk á samráðsdegi í janúar. Foreldrar svöruðu könnuninni í tölvuveri skólans og þátttaka var 93%. Á síðastliðnu skólaári var könnunin send í tölvupósti til foreldra og mældist þátttaka þá 78%. Spurningar og svör úr könnuninni eru flokkaðar skv. Gæðagreinum 2. Þegar matsvinna fer fram er því aðgengilegt að nálgast sönnunargögn/vísbendingar í sjálfsmati úr þeim þáttum sem könnunin nær til. Foreldrar voru beðnir um að svara lykilsurningum um skólastarfið og þeim gafst jafnframt tækifæri til að rökstyðja val á svarmöguleikum með frjálsu textasvari.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar sögðu allir foreldrar sem þátt tóku í könnuninni Varmahlíðarskóla ýmist vera *mjög góðan* eða *góðan* skóla. Í síðustu foreldrakönnun svöruðu 83% foreldra á sama veg. Um 96% þeirra segja skólastarfið svara þeim kröfum sem eðlilegt sé að gera til skóla í nútímasamfélagi, *fremur vel* eða *mjög vel*. Sambærileg svörun við sömu spurningu frá fyrra skólaári var 81%. Einnig segja um 98% foreldra að barninu þeirra líði *alltaf vel* eða *oftast vel* í skólanum en svörun í fyrra var 81%. Viðhorf foreldra til umsjónarkennara barns þeirra var afar jákvætt, 78% þeirra svöruðu að viðhorfið væri *mjög jákvætt* og 20% að viðhorfið væri *fremur jákvætt*. Í Heild má segja niðurstöður úr foreldrakönnun hafi verið afar jákvæðar. Hægt er að skoða heildarniðurstöður foreldrakönnunarinnar [hér](#) á heimasíðu skólans.

Nemendakönnun

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendum í 4., 7. og 10. bekk í janúar. Spurningarnar og svör eru flokkuð skv. Gæðagreinum 2. Gott aðgengi starfsfólks er því að sönnunargögnum/vísbendingum í sjálfsmati í þeim þáttum sem könnunin nær til. Niðurstöður úr könnuninni sýna m.a. að 86% nemenda segja að þeim líði *mjög vel* eða *vel* í skólanum. Um 87% nemenda finnst námsþörfum sínum vera sinnt *mjög vel* eða *vel*. Um 92% nemenda eru ýmist *ánægðir* eða *mjög ánægðir* með bekkinn sinn. Um 94% nemenda upplifa öryggi í skólanum *nánast alltaf* eða *venjulega*. Um 75% nemenda finnst þeir taka *mjög mikla* eða *mikla* ábyrgð á eigin námi og um 92% þeirra telja að nám þeirra í Varmahlíðarskóla undirbúi þá *mjög vel* eða *vel* undir framtíðina. Um 89% nemenda segja skólann vera *mjög góðan* eða *góðan*. Almennt má segja að nemendur gefi skólastarfi í Varmahlíðarskóla góðar umsagnir. Heildarniðurstöður úr nemendakönnun má sjá á heimasíðu skólans [hér](#)

Árleg skimun starfsfólks

Árleg skimun var lögð fyrir í annað sinn fyrir allt starfsfólks skólans í maí. Skimunin byggir á sjálfsmatskerfi skólans, Gæðagreinum 2. Hver starfsmaður gefur hverjum þætti skólastarfsins einkunn skv. einkunnaskala Gæðagreina. Jafnframt gefst starfsfólki tækifæri til að rökstyðja einkunnagjöf sína í hverjum matsþætti með frjálsu textasvari. Þannig fæst betri yfirsýn yfir viðhorf starfsfólks til einstakra þátta skólastarfsins. Skimunin er lögð fyrir með rafrænum hætti. Þegar niðurstöður nú eru bornar saman við niðurstöður frá síðasta skólaári má sjá að yfir heildina litið eru þær afar jákvæðar. Margir þættir skólastarfsins fá nú hærri einkunnir en áður. Heildarniðurstöður skimunarinnar svo og samanburð við síðasta skólaár má sjá í viðauka 1. Einnig má þar sjá hlutfall þeirra sem gefa einkunnir á bilinu 4-6, þ.e. *Gott*, *Mjög gott* eða *Framúrskarandi*, í hverjum matsþætti.

Hér eru dregnar saman helstu niðurstöður úr skimuninni sem þarfnast úrbóta að mati starfsfólks:

- Þróun skólanámskrár sbr. Aðalnámskrá grunnskóla 2011
- Áfram þarf að þróa námsmatsaðferðir, framfarir hafa þó verið frá síðasta skólaári skv. niðurstöðum skimunar
- Huga þarf áfram betur að námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluáðferðum
- Leita leiða til að auka náms- og starfsráðgjöf
- Auka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra/forsjáraðila og samstarfsstofnana í stefnumótun og áætlanagerð skólastarfsins
- Auka gæði þróunaráætlana og skilvirkni í eftirfylgni þeirra
- Auka möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar
- Nýta skólahúsnæðið betur til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi, þessi þáttur hefur þó stefnt í rétta átt miðað við niðurstöður skimunar frá síðasta ári

Samantekt og helstu niðurstöður

Starfsfólk vann að mati á skólastarfinu með sjálfsmatsaðferðum Gæðagreina 2. Unnið var skv. þriggja ára matsáætlun og henni fylgt eftir. Ákveðið var að styrkja nemendamat enn frekar og fá fleiri nemendur til þátttöku í mati á skólastarfinu. Gæðagreinir 2.1 um námsreynslu nemenda var einfaldaður til muna og lagður fyrir nemendur til mats. Fulltrúar nemenda úr 4. – 6. bekk unnu að mati á gæðagreininum annars vegar og fulltrúar nemenda úr 7. – 10. bekk hins vegar. Gæðagreinir um þátttöku starfsfólks og skuldbindingu þess við skólastarfið var lagður fyrir í upphafi skólaárs. Einnig voru lagðir fyrir til mats lykilþáttur 1 um heildarárangur í skólastarfi, lykilþáttur 4 um áhrif skólans á

samfélagið og lykilþáttur 8 sem snýr að samstarfi við samfélagið, búnaði, gagnavörslu, fjármálastjórn og fleiru. Allir ofangreindir matsþættir voru lagðir fyrir allt starfsfólk skólans. Ýmist tóku allir þátt í mati á sama gæðagreininum s.s. þegar lagður var fyrir gæðagreinir 3.1 um þátttöku starfsfólks í starfi skólans eða gæðagreinum var skipt niður á hópa starfsmanna til mats.

Vinnulag, matsniðurstöður og umbætur eru settar fram í sér köflum fyrir hvern gæðagreini í sjálfsmatsskýrslunni. Hér á eftir má sjá stutta samantekt á viðfangsefnum mats í hverjum gæðagreini fyrir sig, niðurstöðum þess og helstu leiðum til umbóta.

Gæðagreinir 3.1 þátttaka starfsfólks í starfi skólans

Gæðagreinirinn tekur á faglegri þátttöku og skuldbindingu starfsfólks í starfi skólans. Einnig á virkni starfsfólks og sýn þess á hlutverk sitt við að tryggja gæði náms og kennslu.

Allt starfsfólk tók þátt í mati á þessum gæðagreini og voru fimm matshópar að störfum. Þrír þeirra gáfu heildareinkunn. Tveir hópar gáfu einkunnina 4 eða Gott, skv. einkunnaskala eru mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri. Einn hópur gaf einkunnina 5 eða Mjög gott, sem skilgreinist sem afar sterkur þáttur í skólastarfinu.

Til að vinna úr niðurstöðum matsins munu úrbætur felast í að setja fram símenntunaráætlun fyrir starfsfólk og huga að bættri vinnuástöðu fyrir starfsfólk. Einnig að skapa svigrúm til að efla samvinnu á milli stiga og innan námsgreina.

Gæðagreinir 1.1 framfarir í skólastarfi

Gæðagreinirinn fjallar um árangur í starfi skólans og frammistöðu nemenda yfir ákveðið tímabil. Hann tekur jafnframt á gæðum námsárangurs nemenda og áhrifum þróunaráætlunar á starf skólans.

Niðurstöður tveggja matshópa starfsfólks var á þá leið að annar hópurinn gaf einkunnina 4, Gott, *mikilvæg atriðið eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri* en hinn gaf einkunnina 5, Mjög gott, *afar sterkur þáttur*.

Til að bregðast við niðurstöðum matsins verður m.a. reynt að koma betur til móts við námsþarfir allra nemenda með því að búa þeim þær aðstæður að þeir geti stundað nám við hæfi. Vinna einstaklingsáætlanir fyrir bráðgera nemendur sem og þá sem eru með sérþarfir. Fylgja markvisst eftir niðurstöðum samræmdra könnunarprófa, greina sterka og veika þætti og útbúa aðgerðaráætlun sem unnið verður eftir.

Gæðagreinir 1.2 samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur

Gæðagreinirinn tekur á fjárhagslegri stjórnun skólans og samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur og reglur.

Niðurstöður tveggja matshópa starfsfólks voru á þá leið að annar hópurinn gaf einkunnina 4, Gott, *mikilvæg atriðið eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri* en hinn gaf einkunnina 5, Mjög gott, *afar sterkur þáttur*.

Úrbætur munu felast í því reyna að fá fjármagn til að bæta aðbúnað s.s. endurnýja tölvuútbúnað, húsgögn og annan tækjakost. Einnig að óska eftir auknu fjármagni til að nýta m.a. í stoðþjónustu.

Gæðagreinir 4.1 árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið

Gæðagreinirinn tekur á umfangi þátttöku skólans í nærsamfélaginu.

Niðurstöður tveggja matshópa starfsfólks í mati á þessum gæðagreini var samhljóma eða einkunnin 5, Mjög gott, sem skilgreinist sem afar sterkur þáttur.

Úrbætur munu felast í því að reyna eftir fremsta megni að viðhalda því góða samstarfi sem verið hefur við nærsamfélagið og efla það enn frekar t.d. með því að bjóða íbúum að koma oftar í heimsókn og taka þátt fjölbreyttu starfi skólans.

Gæðagreinir 4.2 árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild

Þessi gæðagreinir snýr að því að hve miklu leyti skólinn hvetur til nýbreytni og styður við umbótastarf, lærir af frumkvöðlastarfi og tileinkar sér árangur þess. Einnig tekur gæðagreinirinn á því hvernig skólinn hefur áhrif á þróun skólastarfs í víðu samhengi og hvernig brugðist er við breytingum og leitað nýrra sóknarfæra í skólastarfi.

Tveir hópar starfsmanna unnu að mati á þessum gæðagreini. Annar hópurinn gaf heildareinkunnina 5, Mjög gott, sem skilgreinist sem afar sterkur þáttur í skólastarfinu. Hinn hópurinn gaf heildareinkunnina 4, Gott, þar sem mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri.

Leiðir til úrbóta voru settar fram og felast þær m.a. í að gera tillögur að breyttu fundafyrirkomulagi. Fylgja frumkvöðlastarfi og þróunarverkefnum markvisst eftir á vettvangi og virkja hugmyndir starfsfólks betur um einstaklingsmiðaða kennsluhætti.

Gæðagreinir 8.1 samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn

Gæðagreinirinn tekur á þverfaglegri samvinnu og samstarfi stofnana um skólastarfið. Um hlutverk starfsmanna í slíkri samvinnu og hversu árangursrík vinna skólans er í þverfaglegu samstarfi.

Í þessum matsþætti var einkunnin 4, Gott, gefin þar sem mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri skv. einkunnaskala. Tveir matshópar starfsmanna gáfu þessa einkunn.

Úrbætur munu felast í að útbúa verkferla og greinargott skipulag um samstarf við samstarfsstofnanir. Einnig að auka þátttöku í samstarfi á milli skóla- og skólastiga. Gera tillögu um að koma á sameiginlegum fundartíma fyrir skólasamfélagið í Skagafirði. Einnig að auka möguleika á endurmenntun starfsfólks.

Gæðagreinir 8.2 fjármálastjórn

Fjármálastjórnun er hér í brennidepli. Þessi gæðagreinir varðar áhrif fjárveitinga til skólans og hvernig nýting fjármuna leiðir til aukins árangurs nemenda. Hann tekur á fjárhagsáætlun og tengsl við fræðslunefnd og sveitarstjórn.

Niðurstöður mats í þessum gæðagreini var einkunnin 4, Gott, þar sem mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri. Skólastjórnendur önnuðust mat á þessum gæðagreini.

Leiðir til úrbóta felast einkum í því að auka kynningu á fjármálarekstri skólans til starfsmanna. Einnig að gera þarfagreiningu og óska eftir auknu fjármagni til skólastarfsins svo auka megi við og endurnýja búnað til kennslu og skólastarfs.

Gæðagreinir 8.3 stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis

Gæðagreinirinn tengist því hvernig húsnæði skólans, aðbúnaður og aðstaða er nýtt til að skapa hvetjandi námsumhverfi. Einnig tekur hann á ráðstöfunum til að tryggja heilbrigði og öryggi allra í skólanum.

Niðurstöður tveggja matshópa voru þær að annar hópurinn gaf einkunnina 4, Gott, þar sem mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en ákveðin atriði gæti verið betri en hinn gaf einkunnina 5, Mjög gott, sem telst afar sterkur þáttur í skólastarfinu.

Leiðir að úrbótum eru einkum þær að bæta skipulag og notkun búnaðar auk aðstöðu starfsmanna. Einnig að skipuleggja námsgögn betur og utanumhald á gögnum s.s. prófum og verkefnum. Jafnframt að bæta tölvukerfi og tækjabúnað í skólanum eins og þörf er á.

Gæðagreinir 8.4 gagnavarsla og nýting upplýsinga

Gæðagreinirinn tekur á gagnavörslu og varðveislu upplýsinga um skólastarfið. Einnig því hvernig greining, mat og notkun á upplýsingum eru notaðar til að fylgjast með árangri nemenda.

Matshópar starfsmanna voru tveir og niðurstöður þeirra voru einkunnin 5, Mjög gott, annars vegar og einkunnin 4, Gott, hins vegar.

Leiðir til úrbóta eru einkum þær að auka upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um gagnasöfnun og gagnavörslu um skólastarfið þ.m.t. um einstaka nemendur.

Gæðagreinir 2.1 námsreynsla nemenda

Gæðagreinirinn metur gæði námsreynslu nemenda. Hvernig námsáhugi er vakinn og hvernig tekst að viðhalda honum og virkja nemendur til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska. Gæðagreinirinn var lagður fyrir til mats bæði hjá fulltrúum nemenda í 4. – 6. bekk annars vegar og 7. – 10. bekk hins vegar. Yngri nemendahópurinn fékk til mats einfaldaðan gæðagreini sem sjá má í viðauka 3.

Niðurstöður úr mati hjá báðum nemendahópunum voru á þá leið að hóparnir gáfu matsþáttum ýmist einkunnina 4, Gott, þar sem mikilvæg atriði eru yfirleitt sterk en

ákveðin atriði gætu orðið betri eða einkunnina 5, Mjög gott, sem telst afar sterkur þáttur í skólastarfinu.

Leiðir til úrbóta hjá nemendahópnum voru einkum þær að taka ýmis málefni upp á bekkjarfundum til umræðu s.s. til að efla áhuga nemenda sjálfra á náminu, efla hjálpssemi, sanngirni og virðingu í skólastarfinu og fleira.

Áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Skólastjóranskipti verða í Varmahlíðarskóla í sumar. Ágúst Ólason hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 31. júlí 2013. Þegar þetta er ritað hefur ekki verið ráðið í starf skólastjóra sem auglýst var í byrjun apríl og í byrjun maí.

Næsta skólaár verður unnið að því að setja fram nýja skólanámskrá þar sem tekið er tillit til áherslu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla. Mun starfsmannahópurinn rýna til gagns í það sem fyrir er, halda því sem gott er gilt, og leita nýrra leiða til að gera góðan skóla betri. Rýnt verður í starfshætti, námshópastærðir, námsmat og ábyrgð nemenda á eigin námi með eigin markmiðasetningu til lengri og skemmri tíma. Gert er ráð fyrir að endurmenntun starfsfólks muni helgast af þessari þróunarvinnu á næsta skólaári.

Áætlun um innra mat 2013-2016

Skólaár	2013-2014	2014-2015	2015-2016
Haustönn	Samráðsdagur með foreldrum í október	Samráðsdagur með foreldrum í október	Samráðsdagur með foreldrum í október
	Mat nemenda á skólastarfi í nóvember	Mat nemenda á skólastarfi í nóvember	Mat nemenda á skólastarfi í nóvember

	gg 2.2 gg 5.9 Lykilþáttur 7	Lykilþáttur 6	Lykilþáttur 1 Lykilþáttur 3 Lykilþáttur 4
Vorönn	Samráðsdagur/ foreldrakönnun í janúar	Samráðsdagur/ foreldrakönnun í janúar	Samráðsdagur/ foreldrakönnun í janúar
	Lykilþáttur 9	Lykilþáttur 5	Lykilþáttur 8
	Nemendakönnun febrúar	Nemendakönnun febrúar	Nemendakönnun febrúar
	Samráðsdagur með foreldrum í apríl	Samráðsdagur með foreldrum í apríl	Samráðsdagur með foreldrum í apríl
	Mat nemenda á skólastarfi í apríl	Mat nemenda á skólastarfi í apríl	Mat nemenda á skólastarfi í apríl
	Árleg skimun starfsfólks í maí	Árleg skimun starfsfólks í maí	Árleg skimun starfsfólks í maí
	Sjálfsmatsskýrsla í júní	Sjálfsmatsskýrsla í júní	Sjálfsmatsskýrsla í júní

Viðauki 1 Árleg skimun

Viðauki 1, árleg skimun starfsfólks vor 2013

	1 Ófullnægjandi	2 Slakt	3 Nægjlegt	4 Gott	5 Mjög gott	6 Framúrskarandi	Svörun	Meðaleinkunn	% m eink 4-6 2013	% m eink 4-6 2012
Hver eru gæði námsárangurs nemenda að þínu mati?	0	0	0	9	20	0	29	4,69	100%	92%
Á hvaða hátt finnst þér skólastarfið samræmast lögum og reglum m.t.t. vilja til að taka leiðsögn og fylgja tilmælum um starfshætti?	0	0	1	9	20	0	30	4,63	97%	89%
Hvaða mat leggur þú á að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska?	0	0	2	16	10	0	28	4,29	93%	71%
Hvernig finnst þér þátttaka foreldra/forsjáaraðila og fjölskyldna vera í starfi skólans?	0	0	2	19	11	0	32	4,28	94%	83%
Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks og virka þátttöku þess í starfi skólans?	0	0	3	10	20	2	35	4,60	91%	97%
Hvaða mat leggur þú á umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu?	0	0	2	9	19	4	34	4,74	94%	97%
Hvernig metur þú áhrif skólans á samfélagið í heild?	0	0	3	5	25	1	34	4,71	91%	100%
Hvaða mat leggur þú á gæði skólanámskránnar?	1	8	5	8	3	0	25	3,16	44%	63%
Hvernig metur þú námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluáðferðum?	0	2	8	9	7	1	27	3,89	63%	78%
Á hvaða hátt finnst þér verkefni, viðfangsefni og úrræði mæta námsþörfum allra nemenda?	0	0	4	14	10	0	28	4,21	86%	79%
Hvaða mat leggur þú á hvernig greiningu á námsþörfum nemenda er háttáð?	0	1	3	12	11	1	28	4,29	86%	96%
Hvaða mat leggur þú á hvernig einstaklingsnámskrám og stuðningsáætlunum er framfylgt í samræmi við ákvæði laga?	0	0	4	10	12	2	28	4,43	86%	74%
Hvaða mat leggur þú á þær námsmatsaðferðir sem notaðar eru í skólanum?	0	1	6	11	9	0	27	4,04	74%	54%
Á hvaða hátt finnst þér upplýsingar úr námsmati vera nýttar m.t.t. áframhaldandi úrvinnslu og þess að stuðla að bættu skólastarfi?	0	1	6	11	6	0	24	3,92	71%	61%
Hvernig metur þú hvernig tekst til við að efla og viðhalda skólabrag sem stuðlar að árangri?	0	0	2	17	11	1	31	4,35	94%	89%
Á hvaða hátt myndir þú lýsa samskiptum starfsfólks og nemenda?	0	0	0	5	24	5	34	5,00	100%	96%
Á hvaða hátt finnst þér að stuðlað sé að jafnrétti og sanngirni í skólastarfinu?	0	0	2	15	15	2	34	4,50	94%	93%
Hvernig metur þú þátttöku foreldra/forsjáaraðila í námi barna sinna og starfi skólans?	0	0	4	16	8	0	28	4,14	86%	80%
Hvaða mat leggur þú á þær aðferðir og úrræði sem notuð eru í skólanum til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna?	0	0	1	12	18	0	31	4,55	97%	89%
Hvaða mat leggur þú á gæði náms- og starfsráðgjafar sem skólinn veitir?	1	3	9	5	7	0	25	3,56	48%	65%
Hvernig metur þú hvernig unnið er að þróun og umbótum í skólastarfi í gegn um sjálfsmat?	0	3	5	15	5	0	28	3,79	71%	70%
Hvaða mat leggur þú á hvernig skólastefnu okkar er viðhaldið svo hún stýri starfi sem leiðir til aukins árangurs fyrir nemendur og veiti þannig skýra og hnitmiðaða leiðsögn?	1	1	5	16	3	0	26	3,73	73%	71%
Hversu virk finnst þér þátttaka starfsfólks, nemenda, foreldra og samstarfsstofnana vera um stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu?	1	3	6	12	7	0	29	3,72	66%	59%
Hvaða mat leggur þú á mótun þróunaráætlana, framkvæmd þeirra og eftirfylgni?	1	3	9	13	0	0	26	3,31	50%	43%
Hvaða mat leggur þú fagmennsku og hæfni starfsfólks skólans?	0	0	1	5	26	1	33	4,82	97%	93%
Hvernig metur þú hvernig umsjón er um velferð starfsmanna m.t.t. ábyrgðar, réttar og umhyggju?	1	2	3	15	10	0	31	4,00	81%	69%
Hvaða mat leggur þú á nýtingu mannafla bæði starfsmanna innan skólans og sérfræðinga utan skólans?	0	0	1	12	17	0	30	4,53	97%	68%
Hvaða mat leggur þú á skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og samstarfsaðila?	0	2	5	15	4	0	26	3,81	73%	71%
Hvaða mat leggur þú á möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar?	1	6	4	10	7	0	28	3,57	61%	69%
Hvernig metur þú gæði þverfaglegar samvinnu og samstarfs skólans við samstarfsaðila (s.s. aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðipjónustu, atvinnurekendur, sveitarstjórn)?	0	0	7	16	3	0	26	3,85	73%	70%
Hvernig metur þú fjármálastjórnun skólans?	3	0	5	10	6	0	24	3,67	67%	36%
Á hvaða hátt finnst þér húsnæði skólans, aðbúnaður og aðstaða vera nýtt til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi?	1	5	5	13	7	0	31	3,65	65%	54%
Hvaða mat leggur þú á hvernig skólinn varðveitir, greinir, metur og nýtir upplýsingar úr skólastarfinu til að efla nám og auka árangur nemenda?	0	0	4	13	7	0	24	4,13	83%	76%
Hvernig metur þú samhlóm nemenda, foreldra, starfsfólks og nærsamfélagsins um sýn, gildi og markmið skólans?	0	0	1	16	13	0	30	4,40	97%	81%
Hvernig metur þú forystu um framtíðarþróun skólastarfs sem byggð er á grunni sýnar, gilda og markmiða skólans í þeirri viðleitni að ná framúrskarandi árangri?	1	0	1	15	3	0	20	3,95	90%	74%
Hvernig finnst þér unnið að eflingu forystuhæfni og samvinnu starfsfólks og nemenda?	0	1	7	11	7	0	26	3,92	69%	75%
Hvaða mat leggur þú á forystu og stjórnun er beinist að sköpun, nýbreytni og breytingastarfi?	1	5	3	11	4	0	24	3,50	63%	75%
Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	0	2	14	14	0	30	4,40	93%	93%
Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Varmahlíðarskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?	1	0	1	4	16	9	31	4,97	94%	96%
Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mótuneyti skólans?	0	1	3	10	15	3	32	4,50	88%	59%
Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	0	0	0	4	20	8	32	5,13	100%	79%
Hvernig líður þér á vinnustað?	0	0	3	10	13	6	32	4,69	91%	96%

Viðauki 2 Einkunnaskali

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið **framúrskarandi** er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið **mjög gott** merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið **gott** gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið **nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið **nægilegt** gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er lítið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið **slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið **slakt** komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið **ófullnægjandi** gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins **ófullnægjandi**, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.

Viðauki 3 gg 2.1 einfölduð útgáfa

Matsþættir gg 2.1, námsreynsla nemenda, einfölduð útgáfa

Gæðagreinir 2.1 Námsreynsla nemenda	Lykilþáttur 2
--	----------------------

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

		1	2	3	4	5	6
A	Við erum áhugasöm í náminu						
B	Við tökum framförum í námi og þroska						
C	Við fáum góðar leiðbeiningar frá kennurum um námið						
D	Við erum ábyrgir nemendur og tökum virkan þátt í skólastarfinu						
E	Komið er fram við okkur af sanngirni og virðingu í skólanum okkar						
F	Við segjum frá því þegar við erum ánægð í skólanum						
G	Við höfum áhrif á skólastarfið						
H	Við höfum góð tækifæri til að koma fram með skoðanir okkar						
I	Við erum örugg í skólanum						
J	Við erum hjálpsöm við aðra						